

**Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs**  
**5. fundur**  
**haldinn að Lyngási, 15. nóvember 2007**

**Mættir:** Eiríkur Björn Björgvinsson í síma, Björn Ármann Ólafsson, Magnhildur Björnsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson og Skarphéðinn G. Þórisson. Þórhallur Þorsteinsson var fjarverandi.

**Dagskrá:**

1. Fundargerðir síðustu tveggja funda svæðisstjórnar
2. Staða mála frá síðasta fundi með stjórn
3. Vinna við verndaráætlun og samningur við NA
4. Skipulag kynningar á Vatnajökulspjóðgarði fyrir íbúa
5. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 20.05 en fóll Birni Ármanni fundarstjórn. Gengið var til dagskrár.

**1. Fundargerðir síðustu tveggja funda svæðisstjórnar**

Samþykkt fundargerð 3. fundar og fundargerð 4. fundar lögð fram til kynningar.

**2. Staða mála frá síðasta fundi með stjórn**

Formaður sagði frá því sem gerst hefði frá síðasta fundi og hvaða fréttir hann hefði frá stjórn og ráðuneyti. Lítið hefur gerst í reglugerðarvinnunni en annað þokast. Stjórnarfundur verður á Höfn á morgun.

Rætt um þjónustusamninga við Ferðafélög og aðra aðila. Menn sammála að slíkir samningar þurfa að vera mjög skýrir svo að ekki komi upp deilur um verksvið landvarða og skálavarða. Svæðisráð telur eðlilegt að stjórn þjóðgarðsins taki þessa samningagerð að sér en hún sé ekki í höndum svæðisráðanna.

Framkvæmdaáætlun Vatnajökulspjóðgarðs fyrir árið 2008 hljóðar upp á 162 m.kr. eins og kynnt var á fundi með stjórn 23. október. Rekstraráætlun er síðan 125 m.kr. en aðeins 72,9 m.kr. í framlögðu fjárlagafrumvarpi.

Formaður ætlar að ganga eftir því við stjórn hvernig svæðisráðin eigi að reka sig. Þær spurningar komu frá stjórn hvort að svæðisráðin vildu fá greitt fyrir hvern fund eða fasta greiðslu. Svæðisráð hefur ekki skoðun á því hvor leiðin er betri og gefur formanni leyfi til að halda því opnu.

Lögð voru fram drög að auglýsingu um stöðu framkvæmdastjóra stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs. Þau rædd og samþykkt að formaður legði það til að í auglýsinguna yrði sett að starfsstöð framkvæmdastjóra yrði á starfssvæði þjóðgarðsins.

### 3. Vinna við verndaráætlun og samningur við NA

Formaður greindi frá því að hann hefði enn ekki fengið nein fjárráð til að semja við Náttúrustofu Austurlands um gerð verndaráætlunar. Fundarmenn einhuga um að fá þyrfti þau mál á hreint og koma slíkri vinnu af stað sem fyrst. Rætt um mikilvægi þess að náttúrustofurnar vinni saman og jafnvel verði þetta sameiginlegt verkefni allra náttúrustofa á landinu sem gætu þá nýtt sérfræðipækkingu allra starfsmanna sinna.

### 4. Skipulag kynningar á Vatnajökulsþjóðgarði fyrir íbúa

Rætt var um hvernig svæðisráðið gæti staðið að kynningu á stöðu þjóðgarðsmála, bæði gagnvart hagsmunaaðilum og eins almenna kynningu. Samþykkt að fela formanni og varaformanni að skipuleggja slíka fundi og byrja á fundum með hagsmunaaðilum, s.s. landeigendum og ábúendum.

### 5. Önnur mál

#### a) Skipulagsmál vegna gestastofu á Skriðuklaustri

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti Fljótsdalshrepps mætti á fundinn og gerði grein fyrir stöðu skipulagsmála vegna gestastofu á Skriðuklaustri. Ekki þarf að breyta aðalskipulagi en vegna hverfisverndar þarf að fara í deiliskipulag sem tekur u.þ.b. þrjá mánuði í heild. Sveitarstjórn hefur fjallað um málið og samþykkt að hefja strax vinnu vegna deiliskipulags. Fljótsdalshreppur fékk VST til að gera uppdrátt af svæðinu með fyrirhugaðri gestastofu ásamt bílastæðum og nýjum heimreiðum að Klaustri til að sýna hvernig þetta gæti litið út og var hann lagður fram á fundinum til skoðunar.

Skarphéðinn lýsti yfir efasemdum um staðsetningu vegna nálægðar við Gunnarshús.

Gunnþórunn yfirgaf fundinn.

#### b) Hollvinafundur

Magnhildur og Skúli Björn gerðu grein fyrir vinnufundi um Hollvinasamtökin sem haldinn var 5. nóv. sl. í Reykjavík og þau sóttu. Tókst hann með ágætum og undirbúningur að stofnun samtakanna er kominn í ákveðinn farveg.

#### c) Næsti fundur

Rætt um að halda næsta fund í byrjun desember.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21.30

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð.

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björn Ármann Ólafsson

Magnhildur Björnsdóttir

Skarphéðinn G. Þórisson